

*Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 4. maí 2017 - R17040185*

<b>Málsnr.</b>	<b>Erindi:</b>	<b>Afgreiðsla:</b>
	<b>Fundargerðir:</b>	
	<b>Annað:</b>	
R17040181	Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021 - 434. mál	Sent velferðarsviði til meðferðar.
R17020229	Bókun hverfisráðs Laugardals um erindi öldungaráðs Reykjavíkur um aðkomu ráðsins að hverfisráðum borgarinnar, dags. 24. apríl 2017.	Sent mannréttindaskrifstofu til meðferðar.
R17030087	Bókun borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 27. apríl 2017, um svar við fyrirspurn um lokun Hlemms.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17040187	Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna - 436. mál	Sent mannréttindaskrifstofu til meðferðar.
R17040189	Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði - 435. mál	Sent mannréttindaskrifstofu til meðferðar.
R17050002	Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn) - 375. mál	Sent forsætisnefnd til meðferðar.
R17030300	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um að færsla íbúða til Félagsbústaða verði dregin til baka, 30. mars 2017.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar
R13100391	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um verðmat við ráðstöfun lóðar á Gelgjutang, 6. apríl 2017.	Send skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17040177	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um aðgang borgarfulltrúar að ársreikningi, 27. apríl 2017.	Send fjármálaskrifstofu og endurskoðunarnefnd til umsagnar.
R15050131	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um hvernig koma eigi til móts við þá íbúa Rangasels sem ekki fá húsaleigubætur, 27. apríl 2017.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R16040212	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um stöðu á þátttöku Reykjavíkurborgar í Social Progress Imperative, dags. 27. apríl 2017.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Notandi: "Kristjana Benediktsdóttir" <krb@althingi.is>

Dagsetning: 28.4.2017 09:03:36

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 434. mál til umsagnar

---

28. apríl 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021, 434. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 12. maí á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/altext/146/s/0567.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni

Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

[www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html](http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html)

Kveðja,

---

**Kristjana Benediktsdóttir**

skjalavörður

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0433, fax 563-0430

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)



Reykjavík, 25. apríl 2017

Borgarráð Reykjavíkur  
b.t. S. Björns Blöndal, formanns  
Ráðhúsi Reykjavíkur


## Efni: Erindi öldungaráðs Reykjavíkur um aðkomu ráðsins að hverfisráðum borgarinnar

Á fundi hverfisráðs Laugardals mánudaginn 24. apríl sl. var erindi öldungaráðs, sem hér fylgir með, tekið fyrir öðru sinni. Í umræðum beggja funda hefur komið fram að óljóst er hvort áheyrnarfulltrúi á vegum öldungaráðs væri á launum á fundum hverfisráðs. Jafnframt hefur komið fram að frá upphafi starfs hverfisráðs Laugardals hefur fulltrúi íbúasamtaka Laugardals settið fundi ráðsins sem launalaus áheyrnarfulltrúi, skv. samþykktum um hverfisráð og undanfarin ár hefur fulltrúi ungmennaráðs Laugardals og Háaleitis settið fundi ráðsins sem launalaus áheyrnarfulltrúi skv. ákvörðun borgarstjórnar. Þrátt fyrir ákvæði í samþykktum um hverfisráð um setu áheyrnarfulltrúa íbúasamtaka og samþykkt borgarstjórnar um setu áheyrnarfulltrúa ungmennaráða hefur aldrei verið gert ráð fyrir launum til þessara áheyrnarfulltrúa í fjárhagsáætlunum hverfisráða. Á námskeiði um „Fundir og fundargerðir hverfisráða“ á vegum skrifstofu borgarstjórnar þann 24. febrúar sl. kom hins vegar fram sú skoðun þeirra er leiddu námskeiðið, að allir fastir áheyrnarfulltrúar á fundum hverfisráða ættu að vera á launum. Eftir fyrri umfjöllun, á marsfundi hverfisráðs Laugardals var framkvæmdastjóra falið að afla endanlegra upplýsinga um hvort áheyrnarfulltrúi öldungaráðs ætti að vera á launum á fundum ráðsins eða ekki. Ekki liggur enn fyrir svar frá skrifstofu borgarstjórnar um hvort svo er. Í umræðunum kom einnig fram að í launaáætlun fyrir hverfisráðið fyrir árið 2017 er einungis gert ráð fyrir launum til fastafulltrúanna 5 og áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina. Þá skapaðist einnig á fundinum, umræða um það að öldungaráð Reykjavíkur starfar ekki á hverfagrundvelli eins og bæði íbúasamtök og ungmennaráð gera. Af framangreindum ástæðum ákvað hverfisráð Laugardals á fundi sínum í gær að vísa erindi öldungaráðs Reykjavíkurborgar til borgarráðs eins og fram kemur í 6. lið fundargerðar:

*„Rætt um erindi frá öldungaráði borgarinnar dags. 27. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir að fulltrúi öldungaráðs fái að sitja fundi ráðsins. Samþykkt að vísa erindi öldungaráðs til borgarráðs til afgreiðslu á jafnræðisgrundvelli fyrir öll hverfisráðin“.*

Þessu er hér með komið á framfæri við borgarráð.

F.h. hverfisráðs Laugardals,

  
Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri

***BORGARRÁÐ 27. apríl 2017: Bókun borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um svar við fyrirspurn um lokun skiptistöðvar á Hlemmi - R17030087***

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins harma að ekki hafi verið farið eftir samþykkt borgarráðs frá 17. mars 2016 um að húsnæði skiptistöðvarinnar að Hlemmi yrði opið fyrir strætisvagnafarþega á aksturstíma strætisvagna á meðan unnið væri að breytingum á húsnæðinu. Þegar tillagan var samþykkt á sínum tíma fékk borgarráð upplýsingar um að vel væri mögulegt að standa þannig að framkvæmdum að hluti hússins yrði opinn meðan á þeim stæði. Skýtur skökku við að nú skuli því vera haldið fram að ekki hafi komið til greina að hafa húsið opið á framkvæmdatíma. Vakin er athygli á því að til stóð að umræddum framkvæmdum yrði lokið sumarið 2016. En það gekk ekki eftir og er húsið enn harðlokað farþegum, sem þurfa að bíða utandyra í kulda og trekki. Ítrekuð er ósk um greinargerð um málið þar sem fram komi upplýsingar um kostnað, helstu tímasetningar og hvenær fyrirhugað er að opna biðskýlið að nýju fyrir farþegum.

Notandi: "Kristjana Benediktsdóttir" <krb@althingi.is>  
Dagsetning: 28.4.2017 10:33:30  
Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 436. mál til umsagnar

---

28. apríl 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 10. maí nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/altext/146/s/0569.html>

**Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.**

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

[www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html](http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html)

Kveðja,

---

**Kristjana Benediktsdóttir**

skjalavörður

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0433, fax 563-0430

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

Notandi: "Kristjana Benediktsdóttir" <krb@althingi.is>  
Dagsetning: 28.4.2017 10:56:36  
Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 435. mál til umsagnar

---

28. apríl 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 10. maí nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/altext/146/s/0568.html>

**Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.**

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

[www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html](http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html)

Kveðja,

---

**Kristjana Benediktsdóttir**

skjalavörður

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0433, fax 563-0430

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

---

Notandi: "Sigrún Helga Sigurjónsdóttir" <sigrunhelga@althingi.is>  
Dagsetning: 28.4.2017 17:45:32  
Efni: Til umsagnar 375. mál frá nefndasviði Alþingis

---

28. apríl 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 375. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 12. maí á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/altext/146/s/0504.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni

Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

[www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html](http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html)

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis

***BORGARRÁÐ 30. mars 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um að færsla íbúða til Félagsbústaða verði dregin til baka - R17030300***

Borgarráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins leggja fram þá tillögu að ákvörðun borgarstjórnar frá 20. desember 2016 um færslu íbúða í Seljahlíð frá eignasjóði yfir til Félagsbústaða verði dregin til baka, þar sem beinlínis rangar og ófullnægjandi upplýsingar lágu til grundvallar ákvörðuninni og allt bendir til þess að meginreglur stjórnsýslulaganna hafi verið brotnar við töku ákvörðunarinnar.





Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Umsögn velferðarsviðs um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar flugvallarvina um að færsla íbúða til Félagsbústaða verði dregin til baka.***

Þann 30. mars 2017 lögðu borgarráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallavina og Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi tillögu:

Borgarráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallavina og Sjálfstæðisflokksins leggja fram þá tillögu að ákvörðun borgarstjórnar frá 20. desember 2016 um færslu íbúða í Seljahlíð frá eignasjóði yfir til Félagsbústaða verði dregin til baka, þar sem beinlínis rangar og ófullnægjandi upplýsingar lágu til grundvallar ákvörðuninni og allt bendir til þess að meginreglur stjórnsýslulaganna hafi verið brotnar við töku ákvörðunarinnar.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17030300

Með bréfi dagsettu þann 5. apríl síðastliðinn var óskað eftir umsögn velferðarsviðs um tillöguna. Hjálagt fylgir minnisblað deildarstjóra húsnæðismála velferðarsviðs varðandi kynningu og upplýsingagjöf til íbúa í Seljahlíð ásamt upplýsingum um leiguverð í þjónustuíbúðum.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri





Starfsstaður: Skrifstofa velferðarsviðs  
Vinnsla: Jóna Guðný Eyjólfsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Berglind Magnúsdóttir  
Dags. 25. apríl 2017  
GoPro nr: VEL2017040008

## Umsögn

*um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar flugvallarvina um að færsla íbúða til Félagsbústaða verði dregin til baka. Mál nr. R17030300.*

### **Greinargerð:**

Þann 20. desember 2016 samþykkti borgarráð að selja tíu húseignir þ.m.t. húsnæði Seljahlíðar til Félagsbústaða hf. Samdægurs var sett upp tilkynning í Seljahlíð um fyrirhuguð kaup Félagsbústaða hf. á húsnæðinu. Forstöðumaður fylgdi tilkynningunni eftir á fundi heimilisráðs þann 4. janúar 2017. Fundur með íbúum og aðstandendum var haldinn þann 3. mars 2017 þar sem fulltrúar Félagsbústaða og velferðarsviðs héldu kynningu um fyrirhugaðar breytingar og kynntu m.a. breytingar leiguverðs, fyrirkomulag húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings, fyrirhugaðar framkvæmdir á húsnæðinu ofl. Þann 10. mars 2017 var félagsráðgjafi frá húsnæðis- og búsetudeild með viðveru í Seljahlíð hálfan dag og tók viðtöl við þá íbúa sem þess óskuðu. Í þeim viðtölum gafst færi á að skoða mál hvers og eins meðal annars m.t.t. húsnæðiskostnaðar. Þann 23. mars 2017 fóru fulltrúar velferðarsviðs í Seljahlíð til að ræða við íbúa og svara spurningum. Þann 7. apríl 2017 fóru fulltrúar velferðarsviðs í Seljahlíð, svöruðu spurningum og afhentu íbúum formlegt bréf. Regluleg viðvera félagsráðgjafa frá þjónustumiðstöð Breiðholts hófst nú í apríl og hefur forstöðumaður haft milligöngu um að bóka íbúa og/eða aðstandendur í viðtöl. Deildarfulltrúi í Seljahlíð ásamt félagsráðgjafa frá þjónustumiðstöð Breiðholts hafa aðstoðað íbúa við að sækja um húsnæðisbætur. Allir íbúar eiga rétt á húsnæðisbótum uppfylli þeir skilyrði þar að lútandi og er það staðfest af Vinnumálastofnun.

Af þeim tíu eignum sem borgarráð samþykkti að selja til Félagsbústaða þann 20. desember 2016 hefur velferðarsvið innheimt leigu til þriðja aðila af fjórum eignum. Bæði er um að ræða langtíma- og tímabundna leigu. Aðrar eignir hýsa starfssemi velferðarsviðs s.s. úrræði á vegum Barnaverndar og skammtíma vistarinnar fyrir fötluð börn og því ekki um að ræða leigugreiðslur af hálfu þeirra sem nýta úrræðin.

Umsækjendur á biðlista eftir þjónustuíbúð hafa í sumum tilvikum sérstakar óskir um staðsetningu þ.e. hvar þeir vilja helst fá úthlutað en aðrir ekki. Forgangsröðun og mat á þjónustupörf vegur þyngst þegar kemur að úthlutun og því er mikilvægt að jafnræðis sé gætt þegar kemur að leiguverði í félagslegu leiguhúsnæði (þjónustuíbúðum aldraðra).

Að mati velferðarsviðs eru fjölmargir kostir við það að Félagsbústaðir eigi og leigi út allt félagslegt leiguhúsnæði á vegum Reykjavíkurborgar sem leigt er til þriðja aðila þ.m.t. þjónustuíbúðir aldraðra. Kostirnir eru m.a. gagnsætt og sanngjarnt leiguverð þar sem jafnræðis er gætt á meðal leigutaka, sérstök þjónustudeild þar sem leigutakar geta hringt og óskað aðstoðar auk innheimtu.

### *Samantekt/niðurstaða:*

Velferðarsvið hefur lagt áherslu á að jafnræðis sé gætt meðal leigutaka Félagsbústaða og að leiguverð sé gagnsætt og sanngjarnt. Niðurgreiðsla á húsaleigu er í formi persónubundins stuðnings sem þýðir að leigutakar geta sótt um húsnæðisbætur og eftir atvikum sérstakan húsnæðisstuðning. Þannig tryggir kerfið að komið sé til móts við þá einstaklinga sem mest þurfa á aðstoð að halda.

Ljóst er að húsaleiga í Seljahlíð hefur verið afar lág og mun lægri en í öðrum þjónustuíbúðum velferðarsviðs og hefur það sætt ákveðinni gagnrýni. Með ofangreindri breytingu á eignarhaldi verður jafnræði aukið á meðal leigutaka í þjónustuíbúðum aldraðra hjá Reykjavíkurborg. Breyting húsaleigu verður innleidd í þrepum þegar nýr húsaleigusamningur hefur tekið gildi en með þeim hætti verður íbúum tryggður aðlögunartími og hægt verður að skoða aðstæður hvers og eins ásamt rétti til húsnæðisbóta og sértaks húsnæðisstuðnings.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir  
Deildarstjóri

***BORGARRÁÐ 6. apríl 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um verðmat við ráðstöfun lóðar á Gelgjutanga - R13100391***

Þar sem ljóst er að farið var gegn reglum Reykjavíkurborgar um kaup og sölu fasteigna hjá Reykjavíkurborg sem samþykktar voru í borgarráði 19. febrúar 2015, er óskað eftir því að lögð verði fyrir borgarráð 2 verðmöt óvilhallra fasteignasala um verðmæti byggingarréttar á lóð merkt 1-5 við Gelgjutanga sem ráðstafað var til Festis ehf, sbr. samþykkt í borgarráði 2. mars 2017 og að miðað verði við verðmæti í mars 2017. Um er að ræða 7.930 heildarfermetrafjöldi og áætlaður íbúafjöldi 63.

***BORGARRÁÐ 27. apríl 2017 - Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina um aðgang að ársreiknings - R17040177***

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja til að vinnulagi meirihlutans varðandi aðgengi borgarfulltrúa að ársreikningi borgarinnar verði breytt þannig að allir borgarfulltrúar fái ársreikning á lykli á sama tíma en ekki einungis borgarráðsfulltrúar sem hafa lögbundið hlutverk varðandi afgreiðslu ársreiknings til ytri endurskoðunar . Núverandi vinnulag þýðir að helmingur borgarfulltrúa hefur ekki tækifæri til að rýna ársreikninginn og undirbúa sig með sama hætti og fulltrúar í borgarráði.

***BORGARRÁÐ 27. apríl 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um hvernig koma eigi til móts við þá íbúa Rangasels sem ekki fá húsaleigubætur - R15050131***

Óskað er eftir upplýsingum um hvernig Reykjavíkurborg ætli sér að koma til móts við þá íbúa Rangarásels sem ekki fá húsaleigubætur, en því hefur ítrekað verið haldið fram af hálfu embættismanna við íbúa hússins.

***BORGARRÁÐ 27.4.2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallavina um stöðu á þátttöku Reykjavíkurborgar í Social Progress Imperative - R16040212***

Fyrir ári síðan skrifaði Reykjavíkurborg og samtökin Social Progress Imperative undir viljayfirlýsingu að Reykjavík yrði fyrsta borgin í Evrópu til að taka upp sérstaka samfélagsvísitölu sem mælir gæði samfélagsinnviða eða Social Progress Index en endanlegt markmið með því væri að tryggja lífskjör íbúanna, en þetta átti að vera fyrsta skrefið í þeim leiðangri að sjá hvar Reykjavík standi og hvar borgin geti bætt sig, "tilgangurinn er að kortleggja hvernig við tryggjum þarfir íbúanna, hvernig við göngum úr skugga um að íbúar hafi jöfn tækifæri og hvernig við gætum velferðar þeirra sem hér búa.“ Þá kemur fram að í því skyni að búa til þessa nýju vísitölu fyrir Reykjavíkurborg munu samtökin kortleggja allar stofnanir samfélagsins á breiðum grunni auk þess sem skoðað verður hvað íbúunum finnst einkenna Reykjavík sem sveitarfélag og um gæði félagslegra innviða í borginni. Framsókn og flugvallavinir óska eftir upplýsingum um hvar þetta verkefni er statt og hver niðurstaðan er úr þessu samstarfi og hvaða kostnaður hafi hlotist af samstarfi til dagsins í dag.